

Múrbúðin ehf.
Kletthálsi 7
110 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2022
UST202204-056/F.K.
07.05.02

Hættulegar vörur til þrifa og viðhalds bifreiða - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags 13.07.2022 þar sem tilgreindar voru kröfur um uppfærð öryggisblöð og úrbætur á merkingum í samræmi við kröfur skv. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni fyrir vöruna Deka Tjöru og olíuhreinsir (4L) sem fyrirtækið Múrbúðin ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli þessu sem hófst með bréfi dags. 11.04.2022 því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með hættulegum vörum til viðhalds og þrifa bifreiða og því aðeins gerðar athugasemdir við vöruna sem lenti í úrtaki. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Múrbúðin ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 38.000,-.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>. Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur varðandi flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is og Ísaks Sigurjóns Bragasonar isak.sigurjon.bragason@umhverfisstofnun.is, varðandi skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni, eða í síma 591-2000 til að fá nánari upplýsingar

Virðingarfyllst,

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur